

Ed. **454. Frumvarp til laga** [94. mál]
um breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. marz.)

1. gr.

Í stað „ $\frac{2}{3}$ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana“ í 2. tölulið 71. gr. laganna komi: $\frac{3}{4}$ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana.

3. töluliður 2. málsg. 71. gr. laganna orðist svo:

3. Að veita einstökum bændum, sem húa utan þess svæðis, er samveitum er ætlað að ná til í náninni framtíð, lán til að koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum. Lán þetta má nema kostnaðarverði rafstöðvarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.